Skipulagsskrá

112
18. sept.

fyrir búnaðarsjóð Eyjafjarðarsýslu, staðfest af ráðgjafanum fyrir Ísland eptir skipun konungs 18. sept. 1893.

1. gr. Sjóðurinn skal heita búnaðarsjóður Eyjafjarðarsýslu.

2. gr. Innstæðu sjóðsins, sem upprunalega var 618 kr. 50 a., skal auka með vöxtum af henni og árlegum styrk úr sýslusjóði Eyjafjarðarsýslu, 50 kr. á ári. Innstæða sjóðsins skal lánuð út gegn fasteignarveði, eptir þeim reglum, sem gilda um fje ómyndugra. Sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu skal hafa stjórn sjóðsins á hendi; skal hann árlega semja reikning yfir tekjur og gjöld hans og leggja fram til endurskoðunar sýslunefndarinnar og úrskurðar amtsráðsins í Norðuramtinu.

3. gr. Þegar sjóðurinn hefur náð upphæðinni 1000 kr., skal verja hinum árlegu vöxtum af honum til verðlauna fyrir framúrskarandi dugnað í grasrækt í Eyjafjarðarsýslu. Sem sýnishorn af framkvæmdum, er veita má verðlaun fyrir, skal telja:

a. Túnrækt, svo sem sljettun, útgræðslur, girðingar, einkum úr grjóti, og vandaða meðferð áburðar og áburðarsafnhús.
b. Vatnsveitingar, svo sem framræslu og áveizlu.
c. Vörzlugirðingar, sem mikið kveður að.

Umbætur á jörðum, sem leiguliðar eru skyldir að vinna eptir byggingarbrjefi eða öðrum samningum, skulu frá taldar, þegar sótt er um verðlaun af ofannefndum sjóði.

4. gr. Nú vill einhver öðlast verðlaun úr sjóði þessum, og skal hann þá senda bónarbrjef um það til sýslunefndarinnar, sem útbýtir þeim, ásamt skýrslu um hið unna verk, og reikning yfir kostnað við það og arð af því. Bónarbrjefi þessu skal fylgja vottorð tveggja áreiðanlegra og óvilhallra manna um það, sem sagt er í skýrslunni, og skal senda bónarbrjefin hlutaðeigandi hreppsnefnd áleiðis til sýslunefndar, og skal hún láta álit sitt fylgja með.

5. gr. Verðlaunin skulu venjulega vera tvenn, þau meiri 25 kr., þau minni 15 kr. Þó getur sýslunefndin veitt hvorttveggja verðlaunin í einu lagi, ef einhver hefur mjög skarað fram úr. Til verðlauna verða eigi talin þau verk, sem unnin eru meir en 3 árum áður en verðlaun verða veitt í fyrsta sinn.

Við útbýting verðlaunanna skal sýslunefndin hafa tillit til efnahags umsækjenda; skulu fátækir bændur, þó minna hafi afkastað en þeir, sem ríkari eru, eins ná verðlaunum, ef framkvæmdir þeirra eptir efnum og ástæðum eru verðlaunaverðar.

Komi þau ár fyrir, sem enginn sækir um verðlaun þessi, eða sýslunefndinni þyki enginn umsækjenda verðskulda þau, skal það fje, sem þannig sparast, leggja við höfuðstólinn og ávaxta á sama hátt og hann. Stíga þá verðlaunin upp að sama skapi og höfuðstóllinn vex.

6. gr. Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari.

Þannig samþykkt á sýslunefndarfundi Eyjafjarðarsýslu 3. marz 1893, vottar

Kl. Jónsson.

30. dag desembermán. 1893.

Reykjavík. Ísafoldarprentsmiðja 1893.